

Fyrsti fundur samstarfshóps um vinnslu viðbótar við stjórnunar- og verndaráætlun náttúruvættisins Álafoss, haldinn rafrænn mánudaginn 3. júní 2024, kl. 11:00.

Fundarmenn:

Frá Umhverfisstofnun: Ingibjörg Marta Bjarnadóttir, sérfræðingur og René Biasone, svæðissérfræðingur

Frá Mosfellsbæ: Heiða Ágústsdóttir, garðyrkjustjóri

Efni fundarins:

- Ferill vinnunnar
- Hagsmunaaðilagreining
- Efni og framsetning
- Önnur mál

Umhverfisstofnun kynnti lagagrundvöll, feril og uppsetningu stjórnunar- og verndaráætlana.

Greindir voru samráðs- og hagsmunaaðilar sem verða upplýstir um að vinna við áætlunina sé hafin. Skjalið verður birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Farið var yfir uppsetningu og efni viðbótar áætlunarinnar. Fjallað verður eingöngu um skóginn í áætluninni og vísað í gildandi stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Álafoss.

Samþykkt var að Umhverfisstofnun vinni fyrstu drög að viðbótinni við áætlunina.

Næsti fundur samstarfshópsins verður haldinn fimmtudaginn 20. júní kl. 11.00.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 11:40.